



Tækniupplýsingar

ALLBÄCK LÍNOLÍUMÁLNING

ÚTI- OG INNIMÁLNING

VÖRULÝSING

Línolíumálning hefur verið notuð í Svíþjóð síðastliðin 500 ár og var fram undir 1960 sú gerð málningar sem langmest var notuð þarlandis. Línolíumálningin frá Allbäck inniheldur engin hættuleg kemísk efni, rotvarnarefni eða leysiefni. Hún hefur staðist strangasta umhverfismatið í byggingargeiranum í Svíþjóð og fengið vottanir á borð við Grön Signal frá Byggingarvörumatinu (Byggvarubedomningen) og Heilbrigðum húsum (Sunda Hus). Allbäck línolíumálning er framleidd úr soðinni og hreinsaðri línolíu og er laus við skaðleg íblöndunarefni. Allbäck hefur framleitt málningarefni af þessari gerð í yfir 40 ár. Línolíumálning er fánleg í miklu litaúrvali. Hún mattast með árunum og þegar kemur að endurmálun, t.d. eftir 10 ár, verður undirbúningsvinna í lágmarki.

Línolíumálning þekur gríðarlega vel, allt að tvöfalt meira en flestar aðrar gerðir málningar. Þægilegt er að vinna með málninguna og draga úr henni. Hún skemmir ekki undirlagið sem málað er og umferðafjöldi er ótakmarkaður. Með tímanum oxast yfirborð og myndar verndarhúð, áferðin er náttúruleg og gefur klassískt yfirbragð. Unnt er að mála yfir flest algeng byggingarefni svo sem tréverk, málma, PVC og eldri málningu eða lökk. Línolíumálning hentar jafnvel á innréttingar og húsgögn, sem og glugga eða veggj utanhúss. Hún er auðveld í viðhaldi og hægt er að fríska upp á flötinn með soðinni línolíu eða línolíuvaxi.

UNDIRBÚNINGUR UNDIRLAGS

Undirlag ætti að vera slétt, hreint og laust við öll aðskotaefni svo sem olíu, feiti og óhreinindi. Rakastig yfirborðs skal vera 14% eða lægra. Óhreinindi eða myglu og sveppagróður ætti að hreinsa vandlega, t.d. með línolíusápu, blandaðri smávegis vatni ef nauðsyn krefur. Gólf sem hafa verið meðhöndluð með lút ætti að hlutleysa með þynntri ediks- eða oxalsýru fyrir málun. Skolið alla fleti vandlega með vatni og látið þorna. Línolíumálning inniheldur engin sæfiefni en mögulegt er að blanda allt að 20% sínhvítumálningu (Allbäck Linolja Zinkfärg) í alla okkar liti utanhúss til að hindra að örverugróður nái sér aftur á strik.

Athugið: Gerið ávallt prófun áður en vinna hefst. Endanlegt útlit er háð lit, undirlagi og fjölda umferða.

VINNULAG

Línolíumálning er náttúrulegt efni og því mikilvægt að taka mið af almennum eðlisfræðilögmálum þegar hún er notuð.

1. Grunnið og mettið ómálað og þurrt tréverk utanhúss með hrárrí línolíu (Allbäck Rå Linolja).
2. Fjarlægjið yfirborðshúð í dós og ef þörf krefur má sía innihaldið. Hrærið málninguna vandlega, t.d. með hægengri borvél með þeytara. Þynnið alls ekki með leysiefnum en nota má allt að 5% af soðinni línolíu til þynningar (Allbäck Kört Linolja). Ráðlagt er að nota þurrkefni (Allbäck þurrkefni) til að hraða þornun þegar hitastig er 12-14 C°. Kvistum má loka með flögulakkslausn (Allbäck Shellac).
3. Óhætt er að mála í sólskini. Berið ríkulega á fleti með stífum pensli; ein umferð á að þekja fullkomlega, sbr. myndband á heimasíðu. Penslið langsum og þversum og dragið síðan í lokin vel úr málningunni með löngum strokum. Sé borið á of þykkt, getur yfirborð krumpast við þornun. Það er því afar mikilvægt að draga vel úr

málningunni svo áferð verði jöfn. Ójafnt yfirborð má þó auðveldlega laga með votslípun með Allbäck Primer. Unnt er að beita málningarsprautu, með háum þrýstingi og tiltölulega grönnum stút.

4. Málaðar eru 2-3 umferðir, mælt er með 3 umferðum á fleti sem eru áveðurs. Efnisnotkun er meiri á gröfsagað timbur en heflað og auk þess safnast þá meiri óhreinindi á yfirborðið.
5. Þurrktími lengist verulega í köldu veðri. Ekki mála undir 12 °C (og þá með þurrkefni). Hugsanlega getur orðið einhver munur á yfirborðsgljáa eftir þornun málningarinnar. Hann jafnar sig með tímanum. Einnig má strjúka yfir flötinn með soðinni línolíu (Allbäck Kört Linolja) til að jafna áferð og gljáa.

EIGINLEIKAR LÍNOLÍUMÁLNINGAR

Þekja	Á bilinu 15-20 m ² á lítra í umferð
Þurrktími:	20-24 klst við 20°C, tryggð góða loftræstingu og loftrakastig undir 50% Lágt hitastig/hátt rakastig lengir þurrktíma
Hámarksraki undirlags:	14%
Lágmarksvinnuhitastig:	14°C
Umferðafjöldi:	2-3 utanhúss (3 á fleti áveðurs)
Umferðarþykkt:	100 míkron
Gulnun:	Línolía gulnar í myrkri og í snertingu við efnavörur, t.d. basísk hreinsiefni, ýmsar vörur í úðabrusum og plastmálningu

HREINSUN ÁHALDA

Áhöld og hendur má hreinsa með Allbäck línáspu og vatni. Einnig má geyma pensla í línolíu. Penslana má síðan nota við að grunna undirlag með línolíu fyrir málun.

LITIR

Á litakorti okkar er að finna 34 fjölbreytta liti, en möguleikarnir eru mun fleiri. Auðvelt er að blanda saman einhverjum af sjö grunnlitum okkar og ná þannig fram ótalmörgum persónulegum litatónum. Litablöndun má framkvæma með einföldum útbúnaði, t.d. eldhúsáhöldum. Allir litir okkar eru umhverfismildir.

Þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan eru réttar samkvæmt okkar bestu vitneskju. Þar sem við getum ekki haft stjórn á aðstæðum og vinnulagi á hverjum stað, getum við ekki ábyrgst árangur. Notendum er ráðlagt að kanna með prófunum fyrir notkun hvort varan hentar þeirra þörfum.

